

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Iða II, Gunnubrekka.

Óverulegar breytingar eru gerðar á deiliskipulagi frístundabyggðar Iðu II, Gunnubrekku. Í breytingunni felst að deiliskipulag er teiknað inn á hnitsettan loftmyndagrunn eftir mælingu á staðnum. Auk þess er gert ráð fyrir breyttum staðvísi og staðföngum þar sem lóðir með staðföng Iðu II, lóðir, verða að Gunnubrekku. Lóðanúmer breytast í samræmi við breytt staðföng. Breytingar á stærð og legu lóða ná yfir Gunnubrekku 2, 4, 6, 8, 10 og 12.

Að öðru leyti gilda deiliskipulagsskilmálar með síðari breytingum í samþykktu deiliskipulagi áfram í breyttu skipulagi.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. maí 2021.

Deiliskipulag, Kjaransstaðir II.

Í deiliskipulaginu felst m.a. að notkun lóða breytist úr frístundalóðum í landbúnaðarlóðir, lóðum fækkar úr 7 í 6 og nýir byggingarskilmálar eru skilgreindir fyrir svæðið.

Með samþykkt skipulagsins mun eldra skipulag fyrir sama svæði falla úr gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. febrúar 2021.

Deiliskipulag, Bergsstaðir, L167201.

Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreits fyrir 3 skemmur af stærðinni 15x15 m eða allt að 675 m² í heildarbyggingarmagni.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. febrúar 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Úthlíð, Brúnavegur 9, L167533 og Skyggnisvegur 26, L167555.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Úthlíðar. Breytingin tekur til byggingarreita og lóðamarka Brúnavegar 9 og Skyggnisvegur 26.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. maí 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Reykholt, Bjarkarbraut 14, L190017 og 16, L190017.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi þéttbýlisins Reykholti. Breytingin felur í sér að nýtingarhlutfall lóðar Bjarkarbrautar 14 og 16 minnkar úr 0,40 í 0,25.

Samþykkt í sveitarstjórn 24. júní 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. júlí 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.